



Fundargerð

87. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 14. desember 2018 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Kópavogsbær:

Bergljót Kristinsdóttir
Helga Hauksdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson
Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson
Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir
Þorleifur Örn Gunnarsson

Kjósarhreppur:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds og G. Oddur Víðisson boðuðu forföll. Varaformaður, Helga Hauksdóttir, setti fund og stýrði.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. **Breyting á vaxtamörkum svæðisskipulags við Álfsnes** /málsnr. 1712001

Endanleg breytingartillaga sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga til afgreiðslu.

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, skipulagsráðgjafi hjá Alta ráðgjöf, kynnti tillöguna og fór yfir hvernig hún þróaðist frá því tillagan var kynnt á vinnslustigi.

Við yfirferð athugasemda eftir kynningu á vinnslutillögu lagði svæðisskipulagsnefnd áherslu á bættu minjavernd við mótun endanlegrar tillögunar og að skoða þyrfti sérstaklega hvort hægt væri að útfæra betur efnistökuástand á Álfsnesi með hliðsjón af Sundabraut og öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á Álfsnesi. Einnig lagði svæðisskipulagsnefnd áherslu á að rýna þyrfti betur aðra staðsetningakosti.

Við fullvinnslu tillögunnar var höfð hliðsjón af þessari áherslu svæðisskipulagsnefndar. Útfærsla svæðisins í aðalskipulagi tekur nú mið af því að fornminjar (fiskibyrgi) sem áður voru innan svæðisins eru nú utan þess. Þá eru einnig sett ákvæði inn í aðalskipulag um að við veltengingu svæðisins verði þess gætt að hlífa minjum.

Aðrir staðsetningarkostir á Álfsnesi hafa verið yfirfarnir, við Álfsnesbæinn og í Kollafirði. Meðal annars var farið yfir öldusveigjureikninga sem Siglingastofnun (nú Vegagerðin) vann fyrir Faxaflóahafnir en þær sýna á óyggjandi hátt að aðstæður fyrir höfn á þessum tveimur stöðum eru mun erfiðari. Álfsnes er mun útsettara fyrir öldu en t.d. núverandi hafnarvæði Reykjavíkurhafna en mögulegt sé að skýla hafnarköntum bæði að sunnan og norðanverðu á nesinu, en það krefjist töluverðra brimvarnargarða.

Af þessum sökum eru aðstæður fyrir höfn við Álfsnesbæinn og í Kollafirði mun verri en í Álfsnesvíkinni, en þar er gott skjól fyrir úthafsöldunni. Þá eru náttúrulegar aðstæður til landmótunar óhagstæðari við Kollafjörð og Álfsnesbæinn vegna sjávarhamra eða kletta við strönd og óhagstæðari veðuraðstæðna. Álfsnesvíkin er því talinn betri kostur þó hann sé í nálægð við minjasvæði.

Umræður:

Sveinn Óskar Sigurðsson, fulltrúi Mosfellsbæjar lagði fram eftirfarandi bókun:

Sú tillaga að bókun sem liggur fyrir undir 1. dagskrárlíð þessa fundar virðist horfa framhjá athugasemdum Minjastofnunnar og annarra ráðgjafa á sviði minjaverndar. Ekki er séð að ástæða sé til þess nú að breyta vaxtamörkum á Álfsnesi og leggja málið fyrir Skipulagsstofnunar án þess að fullt tillit sé tekið til athugasemda Minjastofnunnar. Svo virðist sem í upphafi hafi verið gert ráð fyrir n.k. verndun þessa svæðis í svæðisskipulagi sem áformað er, eins og tillagan virðist ganga út á, að vaxtamörkin nái yfir. Mun ég því sitja hjá við atkvæðagreiðslu á þessari bókun.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd afgreiðir endanlega breytingartillögu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og umhverfisskýrslu ásamt breytingartillögum og umsögn við innkomnum athugasemdum til samþykktar aðildarsveitarfélaga í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Sveinn Óskar Sigurðsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

2. Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2019-2022 – húsnæðismál og önnur efnistöð /málsnr. 1812002

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, fór yfir stöðu og efnistöð þróunaráætlunar 2019-2022. Rætt var um að nýta niðurstöður áttakshóps ríkisstjórnar um íbúðamál þegar þær liggja fyrir og einnig niðurstöður verkefnahóp um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Þá var bág staða upplýsinga um húsnæðismál rædd og dregið fram hve lítið þokast til úrbóta í þeim efnunum.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að boða fulltrúa Mannvirkjastofnunar og annarra aðila sem standa að öflun og meðferð upplýsinga um húsnæðismál á fund til að ræða stöðu Mannvirkjagáttar og samræmingu á upplýsingum um húsnæðismál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40